

Nd.

531. Frumvarp

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Ölfusá í Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni vegna ákvæða 1. gr. skulu koma fullar bætur, eftir dómkvaddra manna mati, og vera árgjald. Þeir, er laxveiðirjett eiga í Ölfusá (Hvítá) og ám þeim, er í hana renna, skulu greiða bæturnar að tiltölu eftir veiðimagni samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingum, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

3. gr.

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbælli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja.

4. gr.

Ef laxveiði jarðar, er bætur hefir hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því, sem nú er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöddum mönnum til frádráttar bótonum, enda geri 3 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, kröfu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

5. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.